

Ed.

534. Lög

um viðauka við lög nr. 5, frá 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

(Afgreidd frá Ed. 7. maí).

1. gr.

Eftir 2. málsgrein 3. greinar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú er það ljóst af öllum atvikum, að skipið hefir hvorki verið að veiðum i landhelgi nje undirbúningur gerður i því skyni, og má þá lúka málinu með áminningu, er um fyrsta brot er að ræða, en ef um ítrekað brot er að ræða, með sektum, 400—1600 gullkrónum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar i stað.